

**3200. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
21. desember 2016 og hófst hann kl. 08:15**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolfsson formaður, Þórður Guðjónsson aðalmaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson varaáheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

- 1. 1609088 - Hestamannafélagið Dreyri - keppnisvöllur og reiðvegir**  
Erindi Hestamannafélagsins Dreyra þar sem óskað er eftir styrk til lokafrágangs við keppnisvöll félagsins.  
*Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og samþykkir að greiða kr. 700.000 vegna framkvæmdarinnar til Dreyra og er afgreiðslunni vísað til afgreiðslu viðauka nr. 3.*
- 2. 1605142 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2016**  
Viðauki nr. 3 við fjárhagsáætlun 2016 lagður fram til samþykktar.  
*Bæjarráð samþykkir viðauka númer 3, sbr. einnig afgreiðslu skv. 1. tl., vegna ársins 2016 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.*
- 3. 1612096 - Lesbókin Café - rekstrarleyfi**  
Erindi Sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er eftir umsögn Akraneskaupstaðar vegna umsóknar Guðleifs R. Einarssonar f.h. Rafney ehf kt.521216-0930 um rekstrarleyfi nýs rekstraraðila til reksturs veitingastaðar í flokki II, kaffihús, sem rekið verður sem Lesbókin Café, Kirkjubraut 2, Akranesi.  
Um er að ræða nýjan rekstraraðila óbreytts rekstrar Skagaferða ehf á Skökkin café sem hætti rekstri þegar reksturinn var afhentur Rafney ehf. hinn 14. desember sl. skv. yfirlýsingu, en í gildi er rekstrarleyfi til 24.10.2018.  
*Bæjarráð veitir jákvæða umsögn um beiðni rekstraraðila til reksturs veitingastaðar í flokki II. Umsögn bæjarráðs er veitt með fyrirvara um jákvæða afgreiðslu byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.*

4. **1611009 - Samkomulag um uppgjör lífeyrisskuldbindinga milli ríkis og sveitarfélaga**

Lögð fram drög að samkomulagi ríkisins og Akraneskaupstaðar f.h. Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis um fullnaðaruppgjör lífeyrisskuldbindinga heimilisins. Einnig er lögð fram drög að yfirlýsingu sveitarfélags sem undirrituð verður samhliða samkomulaginu.

*Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að samkomulagi og viljayfirlýsingu vegna fullnaðaruppgjörs lífeyrisskuldbindinga Höfða hjúkrunar- og dvalarheimils og veitir bæjarstjóra heimild til undirritunar.*

5. **1612101 - Bíóhöllinn - samningur 2017**

Tillaga um framlengingu á samningi við Vini Hallarinnar um rekstur Bíóhallarinnar á Akranesi.

*Bæjarráð samþykkir framlengingu á samningi um rekstur Bíóhallarinnar á Akranesi í eitt ár, eða frá 1. janúar til 31. desember 2017.*

*Bæjarráð beinir því til menningar- og safnanefndar að skilgreina hlutverk og markmið með starfsemi í Bíóhöllinni við gerð stefnumótunar í menningarmálum á Akranesi og skal endurskoðun samnings um rekstur Bíóhallarinnar vera lokið fyrir 1. október 2017.*

6. **1606133 - Vesturgata 102 - sala**

Svar vegna gagntilboðs Akraneskaupstaðar í Vesturgötu 102.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að ganga frá málinu samkvæmt umræðum á fundinum.*

7. **1612095 - Vitakaffi - lengri opnunartími**

Umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Vesturlandi vegna umsóknar Vitakaffi ehf. um tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi vegna lengri opnunartíma á annan í jólum (26. desember 2016).

*Afgreiðsla bæjarstjóra skv. 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.*

8. **1611175 - Gjaldskrá sorphirðu á Akranesi 2017**

Umsögn heilbrigðisnefndar Vesturlands dags. 19. desember 2016 um gjaldskrá Akraneskaupstaðar um sorpgjöld (hirða og eyðing) á Akranesi fyrir árið 2017.

*Heilbrigðisnefnd Vesturlands telur gjaldskrána vera í fullu samræmi við ákvæði samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Akranesi nr. 1231/2005 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnarnir og gerir því ekki athugasemdir við hana.*

Ó  
RA'

**9. 1612044 - Gjaldskrá vegna hunda- og kattahalds á Akranesi 2017**

Umsögn heilbrigðisnefndar Vesturlands dags. 19. desember 2016 um gjaldskrár vegna hunda- og kattahalds á Akranesi 2017.


Heilbrigðisnefnd Vesturlands telur gjaldskrárnar vera í fullu samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykktir um hundahald á Akranesi nr. 782/2010 og kattahald á Akranesi nr. 781/2010 og gerir ekki athugasemdir við þær.

**10. 1603110 - Krókalón - krafa vegna verðryrnunar á lóðum**

Stefna Lögmannna Laugardals á hendur Akraneskaupstaðar til viðurkenningar á bótaskyldu vegna verðryrnunar á ákveðnum fasteignum á Krókalónssvæði.

Lögð fram.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 9:40.**

  
Vilborg P. Guðbjörnsdóttir  
Valdís Eyjólfsson  
Mohammed Karl Guðjónsson  
Treybjörg Valdimarsdóttir  
Ragnhildur Asvaldardóttir  
Sórcús Alexía Sigurmundsdóttir  
Sleumer Adeyfer